

Nefndasvið Alþingis  
b.t.: efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 22.04.2005

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar á frumvarpi til laga um virðisaukaskatt o.fl. 697. mál, vetnisbifreiðar**

Með bréfi nefndarinnar dags. 18. apríl 2005 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, 697. mál.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta. Landsvirkjun leyfir sér þó að benda á að heppilegra kunni að vera að hafa stuðning, sem hið opinbera veitir einstökum verkefnum eða málefnum, í formi beinna framlaga fremur en margvíslegra undanþága frá þeim reglum sem almennt gilda. Með því móti fæst gleggri yfirsýn yfir það í hverju stuðningurinn er fölginn og hversu mikill hann er. Einnig auðveldar það nauðsynlegan og raunhæfan samanburð við stöðu þeirra sem lúta þeim almennu reglum sem gilda á viðkomandi sviði.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson  
forstjóri